



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi  
Erindi nr. P/30/376  
komudagur 28.11.2003

Alþingi  
Stefán Árni Auðólfsson  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 20.11.2003

Tilv. 023

HJ

**Efni: Umsögn um frv. til laga um br. á l. um samgönguáætlun.**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar dags. 5. nóvember 2003, þar sem Siglingastofnun Íslands er gefinn kostur á að veita umsögn um fyrirnefnt frumvarp.

Það verklag sem gerð er tillaga um í frumvarpinu svarar til fyrirkomulags sem viðhaft var við gerð hafnaáætlunar síðasta áratuginn áður en lög um samgönguáætlun öðluðust gildi. Fylgt var ákvæðum í 4. mgr. 24. gr. eldri hafnalaga nr. 23/1994, en þar segir:

"Sérstök fjögurra áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal forstjóri Siglingastofnunar Íslands, senda stjórn hveurrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur."

Með samþykkt laga um samgönguáætlun nr. 71/2002 og nýjum hafnalögum nr. 61/2003 breytast nokkuð ákvæði um gerð áætlana um hafnamál.

Í 4. gr. laga um samgönguáætlun segir m.a.:

"Tillögur að fjögurra áætlun skulu unnar í stofnunum samgöngumála fyrir samgönguráð. Samgönguráð semur endanlega tillögu og leggur fyrir samgönguráðherra.

Fjögurra ára áætlun skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og þá lögð fram ný þingsályktunartillaga um hana fyrir næstu fjögur árin, sbr. 1. mgr., þannig að ávallt sé í gildi áætlun fyrir a.m.k. tvö ár."

Í 27. gr. hafnalaga nr. 61/2003 segir:

"Siglingastofnun Íslands vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarpáttöku ríkissjóðs, sbr. lög nr. 71/2002, um samgönguáætlun.

Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Siglingastofnun að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.


Við tillögugerðina og forgangsriðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat er taki mið af hagkvæmni framkvæmdar, þörf fyrir hana og þýðingu fyrir byggðarlagið."

Samgönguáætlun til 4ra ára var í fyrsta skipti afgreidd á Alþingi vorið 2003. Í nefndarálitni meirihluta samgöngunefndar segir m.a.:

"Meiri hlutinn verkur athygli á að tillögur um framlög til ríkisstyrkta framkvæmda í siglingamálakafla tillögunnar voru ekki, vegna tímaskorts, sendar til umsagnar til sveitarfélaga eins og venja hefur verið með hafnaáætlun. Meiri hlutinn telur mikilvægt að haldið verði í þá vaju sem skapast hefur að Siglingastofnun Íslands leiti álits sveitarfélaga og mun það vera ætlun stofnunarinnar samkvæmt upplýsingum nefndarinnar."

Samkvæmt þessu má ætla að vilji Alþingis hafi verið að tillögur Siglingastofnunar ásamt umsögnum viðkomandi sveitarstjórnnum liggi fyrir áður en Alþingi tekur málið til umfjöllunar og afgreiðslu. Siglingastofnun telur sig geta unnið þetta innan nógildandi lagaramma en ugglaut má hafa á því mismunandi skoðanir hvort löggin aðskilji nægjanlega vel pólitískar áherslur frá grunntillögum sem unnar eru af Siglingastofnun.

F. h. Siglingastofnunar Íslands,



Hermann Guðjónsson,  
siglingamálastjóri